



# ÖRYGGISBLAÐ (msds)

samkvæmt reglugerð nr. 453/2010 og 1272/2008

Útgáfa: -

Dagsetning: Desember 2013

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **NATRÍUMSÚLFÍT (sodium sulfite)**  
**CAS-númer** 7757-83-7
- 1.2. Tilgreind notkun** Pappírsframleiðsla, matvælaaukefni, vatnsmeðhöndlun, meðhöndlun úrgangs, önnur iðnaðarferli.
- 1.3. Söluaðili** Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
444 3000
- Sími:**  
**Tengiliður:** [msds@skeljungur.is](mailto:msds@skeljungur.is)  
**Veffang:** [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is)
- 1.4. Neyðarsímanúmer**  
**Neyðarlínan:** 112  
**Eitrunarmiðstöð LSH:** 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

- 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]**  
**Flokkun** Ekki flokkað.
- 2.2. Merkingaratriði**  
**2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008**  
**Hættumerki** Engar hættumerkingar.  
**Viðvörðunorð** Á ekki við.  
**Hættusetningar** Engar hættusetningar.  
**Varnaðarsetningar** Engar varnaðarsetningar.
- 2.3. Aðrar hættur**  
**PBT/vPvB-mat** Hvorki flokkað með PBT- né vPvB-efnum.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.1 Efni

Heiti	Vörukenni	Magn%	CLP-flokkun
Natríumsúlfít	CAS#: 7757-83-7 EINECS#: 231-821-4	97	Ekki flokkað.
Natríumsúlfat	CAS#: 7757-82-6 EINECS#: 231-820-9	<3	Ekki flokkað

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

- Eftir innöndun** Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni strax ef einkenni koma fram, s.s. andnað eða erting.
- Eftir snertingu við augu** Skolið strax með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Leitið lækni ef einkenni vara.
- Eftir snertingu við húð** Þvoið strax með mikilli sápu og vatni. Farið úr óhreinkuðum fatnaði og þvoið fyrir næstu notkun. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
- Eftir inntöku** Skolið munninn strax með vatni og gefið eitt glas af vatni að drekka. EKKI framkalla uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Leitið lækni strax.

### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir.

- Einkenni og áhrif** Getur valdið ertingu í húð og augum. Hættulegt við inntöku og innöndun. Hvarfast við sýrur og myndar eitraðar og ertandi sulfúrdíoxíðlofttegundir.

## 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Ekki eldfimt. Veljið slökkvibúnað eftir aðstæðum og nálægum efnum.

### 5.2. Sérstök hættu af efninu eða blöndunni

**Myndefni við bruna** Súlfúrdíoxíð.

### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Ráðgjöf** Notið fersklöftstæki í bruna og klæðist hlífðarfatnaði sem ver allan líkamann.

## 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

**Ráðstafanir** Tryggið næga loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar.

### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Varúðarráðstafanir** Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart í tilviki meiriháttar leka.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir við hreinsun** Sópið saman og mokið í viðeigandi lukt ílát til förgunar.  
Forðist rykmyndun. Skolið svæðið með miklu vatni.

### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá 13. lið fyrir upplýsingar um förgun.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Meðhöndlun** Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Andið ekki inn ryki. Matist hvorki né drekkið á vinnusvæði. Gætið að almennu hreinlæti og góðri umgengni. Haldið fjarri sýrum og oxunarefnum.

### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Geymsla** Geymið á þurrum, köldum og vel loftræstum stað fjarri sýrum og oxurum.

### 7.3. Sérstök notkun

**Sérstök notkun** Sjá lið 1.2.

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

**Váhrifamörk á vinnstöðum** Engin tilgreind.

### 8.2. Váhrifavarnir

**Tæknilegar ráðstafanir** Tryggið næga loftræstingu við rykmyndun eða við myndun súlfúrdíoxíðs. Notið aðeins í loftræstu rými. Staðlar tilgreindir innan sviga.

#### Persónuhlífar

#### Til hlífðar öndun

Öndunarhlífa er þörf við myndun ryks eða súlfúrdíoxíðs (EN143).

#### Til hlífðar höndum

Notið viðeigandi hlífðarhanska ef hættu er á snertingu við húð (EN374).

Efni; þykkt; gegnþrengingartími: Nítrílúmmi; 0,11mm; 480 mín.

#### Til hlífðar augum/andl.

#### Til hlífðar húð

Viðurkennd öryggisglæraugu (EN166)

Notið hlífðarfatnað við meðhöndlun þurrs efnisins. Við meðhöndlun lausna, notið ógegndræpan hlífðarfatnað.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

<b>Eðlisástand</b>	Fast
<b>Litur</b>	Hvítur til fölgulur
<b>Lykt</b>	Lyktarlaust
<b>pH-gildi</b>	9,8 (5% lausn)
<b>Bræðslumark</b>	900°C
<b>Blossamark</b>	Ekki eldfimt
<b>Niðurbrotshitastig</b>	Óákvarðað
<b>Upphafssuðumark</b>	Á ekki við
<b>Gufuprýstingur</b>	Á ekki við
<b>Vatnsleysni</b>	17% við 10°C; 28% við 33,3%
<b>Eðlisþyngd</b>	2,63
<b>Deilistuðull</b>	Óákvarðað
<b>Mólþyngd</b>	126,04
<b>9.2 Aðrar upplýsingar</b>	
<b>Rúmpyngd</b>	1400 kg/m <sup>3</sup>

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

**Hvarfgirni** Ekki hvarfgjarnt við venjuleg skilyrði.

### 10.2. Efnaræðilegur stöðugleiki

**Stöðugleiki** Stöðugt við venjuleg skilyrði.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

**Skaðleg efnahvörf** Hvarfast við sýrur og myndar eitrad og ertandi súlfúrdíoxíðgas.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

**Varasöm skilyrði** Hár hiti. Hiti yfir 900°C veldur hraðri myndun eitrad og ætandi súlfúrdíoxíðgass.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

**Efni** Oxunarefni: getur valdið heiftarlegum útvermum efnahvörfum.  
Sýrur: losar um súlfúrdíoxíðgas.

### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

**Niðurbrotsefni** Súlfúrdíoxíðgas og natríumsúlfíðleifar. Natríumsúlfíð er eldfimt, mjög ertandi fyrir húð og vefi og ósamrýmanlegt við sýrur.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

#### Natríumsúlfít

LD50	Inntaka, rotta	2610-6400 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta, 4 klst.	>5,5 mg/l

#### Húðerting/-æting

Endurtekin eða langvarandi snerting við ryk getur valdið ertingu. Snerting við lausnir efnisins valda húðertingu.

#### Augnerting/-skaði

##### Innöndun

Ryk eða úði geta verið augnertandi. Lausnir eru ertandi eða ætandi. Innöndun ryks eða úða getur verið ertandi fyrir öndunarfæri.

#### Inntaka

Myndar skaðlegt eða banvænt súlfúrdíoxíðgas í snertingu við sýrur. Getur verið ertandi fyrir meltingarveg. Stórir skammtar af efninu geta valdið svæstum magakrömpum og niðurgangi, truflunum í hjarta- og æðakerfi, skertri starfsemi miðtaugakerfis og jafnvel dauða.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

#### Natríumsúlfít

LC50	Fiskur, 96 klst.	460 mg/l
EC50	Halafær (daphnia magna), 48 klst.	440 mg/l

### 12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

#### Lífbrjótanleiki

Engin gögn.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

#### Uppsöfnun

Engin gögn.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

#### Hreyfanleiki

Engin gögn.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

#### Mat

Hvorki flokkað með PBT- né vPvB-efnum.

### 12.6. Önnur váhrif

#### Aðrar upplýsingar

Engin gögn.

## 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

#### Aðferðir

Ekki hættulegur úrgangur. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

## 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Efnið heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutning á hættulegum varningi.

## 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

### 15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

#### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

### 15.2. Efnaöryggismat

**Efnaöryggismat** Efnaöryggismat ekki gert fyrir efnið.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

<b>Hættusetningar</b>	Engar hættusetningar.
<b>Skammstafanir</b>	<b>ADN:</b> Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. <b>ADR:</b> Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. <b>IMDG:</b> Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. <b>PBT:</b> Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. <b>vPvB:</b> Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. <b>STOT RE:</b> Sértek eiturrhif á marklíffæri, endurtekin váhrif. <b>STOT SE:</b> Sértek eiturrhif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. <b>LC50:</b> Miðgildisbanastyrkur. <b>LD50:</b> Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

<b>Endurskoðun</b>	Desember 2013.
<b>Útgáfa</b>	-
<b>Gert þann</b>	7. júlí 2016.
<b>Þýðing og uppsetning</b>	Reynir Hjálmarsson
<b>Heimild</b>	Esseco USA LLC, Gatehall IV, 4 Gatehall Drive, Parsippany, NJ 07054.